

REFSIRÉTTARNEFND

Reykjavík, 12. nóvember 2012.

Hr. Ögmundur Jónasson
innanríkisráðherra
Sölvhólsögðu 7, 150 Reykjavík.

I.

Inngangur.

Hinn 15. ágúst 2012 óskaði ráðuneytið eftir því að refsiréttarnefnd tæki til meðferðar erindi mennta- og menningarmálaráðuneytis frá 28. júní sl. þar sem fram kemur að 16. júní 2010 hafi Alþingi samþykkt þingsályktun þess efnis að Ísland skapi sér afgerandi lagalega sérstöðu varðandi vernd tjáningar- og upplýsingafrelsis. Mennta- og menningarmálaráðuneytið, sem falið var að vinna að framgangi þingsályktunarinnar, skipaði stýrihóp til að leiða vinnu ráðuneytisins við greiningu og úttekt á lagaumhverfinu hér á landi og erlendis með tilliti til ályktunarinnar. Í henni kemur fram að ákvæði XXV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 hafi staðið nánast óbreytt frá setningu laganna árið 1940 þrátt fyrir að á undanförunum áratugum hafi miklar umbætur verið gerðar á sviði mannréttinda og slík vernd fengið aukið vægi í samfélaginu. Þá hafi þing Evrópuráðsins lýst yfir áhyggjum af misnotkun réttarúrræða vegna ærumeiðinga og hvatt aðildarríki til að fella úr gildi eða endurskoða refsíákvæði sín að því er varðar ærumeiðingar.

Af þessu tilefni var þess óskað að refsiréttarnefnd veitti álit sitt á því hvort afnema beri refsingar vegna ærumeiðinga í XXV. kafla almennra hegningarlaga og jafnframt hvort nefndin telji rök standa til þess að réttarúrræði vegna ærumeiðinga verði alfarið færð af sviði refsiréttar yfir á svið einkaréttar, eftir atvikum með nánari útfærslu á 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.

II.

Afmörkun refsiréttarnefndar.

Við mat á því hvort tilefni sé til að afnema ákvæði XXV. almennra hegningarlaga um ærumeiðingar, að hluta eða í heild, sem nánar er lýst í kafla III, skiptir í fyrsta lagi máli að meta hvort og þá með hvaða hætti raunhæft sé í framkvæmd að koma við refsíabyrgð vegna ærumeiðinga. Í því skyni hefur nefndin kannað þá dóma Hæstaréttar Íslands á þessu sviði sem kveðnir hafa verið upp frá miðju ári 1995 er breytingar sem gerðar voru á mannréttindakafla stjórnarskrárinnar tóku gildi, sbr. stjórnarskipunarlög nr. 97/1995. Meðfylgjandi er yfirlit yfir þessa dóma. Um niðurstöður þessarar könnunar er fjallað í kafla IV. Í öðru lagi hefur nefndin

horft til gildandi ákvæða um refsivernd æru manna í norrænni löggjöf, sjá kafla V. Í þriðja lagi er í kafla VI vikið að ákvæðum stjórnarskrárinnar um friðhelgi einkalífs og vernd tjáningarfrelsis og samsvarandi ákvæðum Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, auk þess sem fjallað er um ályktun þings Evrópuráðsins nr. 1577 (2007) um afnám refsinga fyrir ærumeiðingar. Ályktanir nefndarinnar eru loks dregnar saman í kafla VII.

III.

Ákvæði almennra hegningarlaga um ærumeiðingar.

Æra manns og mannorð nýtur að gildandi lögum refsiverndar samkvæmt tilteknum ákvæðum í XXV. kafla almennra hegningarlaga um ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs. Í samræmi við álitsbeiðnina hefur athugun refsiréttarnefndar einskorðast við ákvæði kaflans um ærumeiðingar en ákvæði kaflans um friðhelgi einkalífs í 228.-233. gr. hafa ekki komið til skoðunar af hálfu nefndarinnar.

Í 233. gr. a. almennra hegningarlaga er kveðið á um að hver sá sem með háði, rógi, smánun, ógnun eða á annan hátt ræðst opinberlega á mann eða hóp manna vegna þjóðernis þeirra, litarháttar, kynþáttar, trúarbragða eða kynhneigðar skuli sæta sektum eða fangelsi allt að 2 árum. Samkvæmt 233. gr. b. varðar það fangelsi allt að 2 árum að móðga eða smána maka sinn eða fyrrverandi maka, barn sitt eða annan mann sem er nákominn geranda, enda verði verknaðurinn talinn fela í sér stórfelldar ærumeiðingar. Í 234. gr. er mælt svo fyrir að hver sá sem meiðir æru annars manns með móðgun í orðum eða athöfnum, og hver, sem beri slíkt út, skuli sæta sektum eða fangelsi allt að 1 ári. Varðar það sömu refsingu að drótta að öðrum manni einhverju því, sem verða myndi virðingu hans til hnekkis sem og að bera slíka aðdróttun út, sbr. 235. gr. laganna. Hafi ærumeiðandi aðdróttun verið höfð í frammi eða borin út gegn betri vitund, þá varðar slík háttsemi fangelsi allt að 2 árum skv. 1. mgr. 236. gr. Þá er í 237. gr. kveðið á um að það varði sektum að bregða manni brigslum án nokkurs tilefnis, jafnvel þótt viðkomandi segi satt. Ekki er heimilt að færa fram í máli út af meiðyrðum sönnur fyrir refsiverðum verknaði, sem sá, er þeirri sök er borinn, hefur verið sýknaður af með fullnaðardómi í opinberu refsímáli hér á landi eða erlendis, sbr. 1. mgr. 238. gr. almennra hegningarlaga. Samkvæmt 2. mgr. sömu greinar er ekki heimilt að bera mann framur sökum hafi hann sætt refsídómi fyrir einhvern verknað og síðar öðlast uppreist æru, og leysir sönnun því ekki undan refsingu, er svo stendur á. Í 238. gr. er ekki mælt fyrir um refsingu enda um að ræða reglur fyrir dómstóla varðandi sönnunarfærslu. Samkvæmt 239. gr. er heimilt að láta refsingu samkvæmt 234. og 235. gr. falla niður, ef tilefni ærumeiðingar var ótilhlýðilegt hátterni þess manns, sem telur sér misboðið, eða hann hefur goldið líku líkt. Sé ærumeiðingum beint að dánnum manni, þá varðar það sektum eða fangelsi allt að 1 ári, sbr. 240. gr. laganna.

Samkvæmt 1. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga má í meiðyrðamáli dæma óviðurkvæmlega ummæli ómerk, ef sá krefst þess, sem misgert var við. Þá má dæma þann, sem sekur reynist um ærumeiðandi aðdróttun, til þess að greiða þeim, sem misgert var við, ef hann krefst þess, hæfilega fjárhæð til þess að standast kostnað af birtingu dóms, atriðisorða hans eða forsendna jafnframt, eftir því sem ástæða þykir til, í opinberu blaði eða riti, einu eða fleirum, sbr. 2. mgr. sömu greinar. Í 242. gr. er gerð grein fyrir því hvernig skuli haga saksókn vegna brota gegn ákvæðum XXV. kafla. Samkvæmt 1. tölul. 242. gr. sæta brot gegn 233. gr. a og 233. gr. b ákæru og fer því um meðferð slíkra mála eftir lögum um meðferð sakamála nr.

88/2008. Þegar um er að ræða brot gegn 234.-237. gr. getur einungis sá sem misgert hefur verið við höfðað mál, sbr. 3. tölul. 242. gr. Mál vegna brota gegn þessum ákvæðum teljast því einkarefsimál, þar sem hið opinbera ákærvald á ekki sókn sakar, sbr. þó undantekningar-ákvæði b- og c-liðar 2. tölul. sem varðar annars vegar opinbera ákæru að kröfu opinbers starfsmanns og hins vegar í þeim tilvikum þegar ærumeiðandi aðdróttun hefur verið borin fram skriflega, en annað hvort nafnlaust eða með rangri eða tilbúinni undirskrift. Um meðferð þessara mála fyrir dómstólum fer því alla jafna eftir lögum um meðferð einkamála nr. 91/1991, en ekki lögum um meðferð sakamála.

IV.

Dómaframkvæmd Hæstaréttar Íslands.

Svo sem áður segir hefur refsiréttarnefnd tekið saman þá dóma Hæstaréttar Íslands sem fjalla um ærumeiðingar og kveðnir hafa verið upp frá 5. júlí 1995, er breytingar sem gerðar voru á mannréttindakafla stjórnarskrárinnar tóku gildi, sbr. stjórnarskipunarlög nr. 97/1995, sjá yfirlit í viðauka. Á þessu yfirliti sést að í 21 af 36 málum hefur sá, sem taldi að á sér hefði verið brotið með ærumeiðandi ummælum, krafist þess að ummælin yrðu ómerkt og að sá sem bæri ábyrgð á þeim yrði gert að greiða miskabætur. Í þessum málum var ekki gerð krafa um að viðkomandi yrði jafnframt gert að sæta refsingu. Í þeim 15 málum þar sem krafist var refsingar féllst Hæstiréttur aðeins í einu tilviki á það að dæma mann til refsingar fyrir ummæli sín, sbr. dóm Hæstaréttar frá 11. febrúar 2010 í málinu nr. 424/2009. Með dóminum var X sakfelldur fyrir ærumeiðingar samkvæmt 235. gr. almennra hegningarlaga í garð starfsmanns barnaverndarnefndar Reykjavíkur og var honum gert að greiða 100.000 króna sekt í ríkissjóð. Var málið höfðað af ákærvaldsins hálfu í samræmi við ákvæði 1. tölul. og c-lið 2. tölul. 242. gr. almennra hegningarlaga. Á framangreindu tímabili verður ekki séð að Hæstiréttur hafi fallist á það í einkarefsimáli, þar sem einstaklingur á sókn sakar, sbr. 3. tölul. 242. gr. sömu laga, að gera þeim refsingu sem ábyrgur hefur verið fundinn vegna ærumeiðandi ummæla, þrátt fyrir kröfu þar um.

V.

Norræn lagaákvæði um ærumeiðingar.

Við skoðun á framangreindu álitafni hefur refsiréttarnefnd kannað ákvæði norrænna laga um ærumeiðingar. Slík ákvæði eru í 27. kafla dönsku hegningarlaganna (d. straffeloven). Þar segir í 267. gr. að sá sem meiðir æru annars manns með móðgandi orðum eða gerðum, eða með öðrum hætti setur fram eða breiðir út ummæli (d. sigtelser) sem líklegt er að verði virðingu viðkomandi til hnekkis, skuli hann sæta sektum eða fangelsi allt að 4 mánuðum. Hafi ummælin verið breidd út gegn betri vitund, eða gerandinn ekki haft nægilega ástæðu til þess að telja efni þeirra sannleikanum samkvæm, er heimilt að þyngja refsingu fyrir brot gegn 267. gr. í allt að 2 ára fangelsi, sbr. 268. gr. laganna. Hins vegar verður ekki refsað fyrir framsetningu ummæla sem unnt er að sýna fram á að séu sönn og ennfremur er heimilt að láta refsingu falla niður ef sýnt er fram á að ummælin hafi verið sett fram í góðri trú um sannleiksgildi þeirra, sbr. 269. gr. hegningarlaganna. Þá er mælt fyrir um það í 270. gr. laganna að hafi móðgandi ummæli verið sett fram án nokkurs tilefnis sé heimilt að beita mann refsingu á grundvelli 267. gr. jafnvel þótt hann segi satt. Einnig er heimilt að fella niður refsingu þegar ummæli hafa verið sett fram í tilefni af tiltekinni háttsemi af hálfu þess sem misgert er við eða

ef hann hefur goldið líku líkt. Mál vegna brota á framangreindum ákvæðum getur sá einn höfðað sem misgert er við, sbr. fyrri másl. 275. gr. laganna. Ákærvaldið getur þó átt sókn sakar til að mynda ef sá sem misgert er við óskar sérstaklega eftir því eða ef um er að ræða opinberan starfsmann eða einhvern sem hefur verið í opinberri þjónustu og ummælin lúta að háttsemi sem getur haft í för með sér atvinnumissi.

Í norski löggjöf er fjallað um ærumeiðingar í 23. kafla norsku hegningarlöganna (n. almindelig borgerlig straffelov) frá 1902. Í 246. gr. laganna segir að sá sem með ólögmetum hætti í orði eða gerðum meiðir æru annars manns eða á hlutdeild í slíku broti skuli sæta sektum eða fangelsi allt að 6 mánuðum. Samkvæmt 247. gr. laganna er refsiverð hvers konar háttsemi, sem, í orðum eða verki, þykir líkleg til þess að skaða æru annars manns eða mannorð eða að hann verði fyrir hatri, fyrirlitningu eða annars konar tapi stöðu sinnar vegna. Er hlutdeild í broti jafnframt refsiverð og varðar það sektum eða fangelsi allt að 1 ári. Hafi hin ærumeiðandi ummæli verið sett fram á prenti eða í fjölmiðlum (n. kringkastningssending), eða brotið þykir á annan hátt stórfellt, getur það varðað allt að 2 ára fangelsi. Hafi háttsemi samkvæmt 247. gr. laganna verið viðhöfð gegn betri vitund varðar brot samkvæmt ákvæðinu fangelsi allt að 3 árum en hafi sérstakar mildandi ástæður verið fyrir hendi er heimilt að beita sektum, sbr. 248. gr. laganna. Þá segir í 249. gr. laganna að refsingu verði ekki beitt fyrir brot gegn 246. eða 247. gr. sé sýnt fram á sannleiksgildi ummællanna, sbr. 1. mgr., en hafi hins vegar háttað þannig til að sönn ummæli hafi verið sett fram án nokkurs tilefnis eða framsetning þeirra er að öðru leiti talin óviðeigandi vegna þess á hvaða hátt þau hafa verið sett fram eða af öðrum ástæðum varðar slíkt refsingu á grundvelli ákvæða laganna, sbr. 2. mgr. Samkvæmt 250. gr. laganna er heimilt að fella niður refsingu hafi sá sem misgert var við sjálfur átt þátt í því að ærumeiðandi ummæli um hann eru sett fram með óviðeigandi háttsemi eða með líkams- eða ærumeiðingum. Í 1. mgr. 251. gr. laganna er mælt fyrir um það að fyrir brot á ákvæðum kaflans verði einungis ákært af hálfu hins opinbera ef sá sem misgert hefur verið við krefst þess og slíkt verður talið nauðsynlegt með tilliti til almannahagsmuna. Ákærvaldið getur þó án kröfu ákært vegna ærumeiðinga sem beint er að óskilgreindum hópi eða fjölda fólks, enda verði það talið nauðsynlegt með tilliti til almannahagsmuna, sbr. 2. mgr. Loks er í 3. mgr. kveðið á um að hið sama gildi þegar ærumeiðingum er beint að opinberum starfsmanni við framkvæmd starfa hans eða gegn opinber starfsmanni eða öðrum sem hefur starfað sem slíkur og ummælin fela í sér ásökun um háttsemi sem varðað getur hinn opinbera starfsmann refsingu eða missi starfans.

Í þessu sambandi er þó rétt að geta þess að í norsku hegningarlögunum frá 2005, sem einungis hafa tekið gildi að mjög takmörkuðu leyti, hefur refsing fyrir ærumeiðingar verið afnumin í því samhengi sem hér er til umfjöllunar, sbr. lög nr. 74 19. júní 2009, og gildir það einnig um ærumeiðingar sem beint er að opinberum starfsmönnum. Í áliti dómsmálanefndar (n. justiskomiteen) norska Stórþingsins, vegna frumvarps þess sem varð að framangreindum lögum, kemur fram að ákvæði hegningarlöganna frá 1902 um ærumeiðingar virðist á síðustu árum ekki hafa haft neina sjálfstæða þýðingu aðra en vernd mannorðs. Þannig hafi ekki verið dæmd refsing fyrir ærumeiðingar frá því á árinu 1957. Taldi nefndin að unnt væri að færa rök fyrir því að refsing yrði nú til dags hvorki talin raunhæf né viðeigandi að því er varðaði ærumeiðingar.

Um ærumeiðingar er fjallað í 5. kafla sænsku hegningarlöganna þar sem segir í 1. mgr. 1. gr. að hver sá sem ásaki annan mann sem brotlegan eða á annan hátt aðfinnsluverðan í sínum

lífsháttum eða breiðir út upplýsingar sem eru til þess fallnar að verða virðingu hans til hnekkis skuli sæta sektum. Hafi viðkomandi hins vegar verið skylt að tjá sig eða tjáning hans verður með öðrum hætti talin réttlæt看leg, og sýnt er fram á sannleiksgildi ummælanna eða að réttmætar ástæður hafi verið fyrir útbreiðslu þeirra, skal ekki dæma viðkomandi til refsingar, sbr. 2. mgr. 1. gr. Hafi brot samkvæmt 1. gr. laganna verið stórfellt varðar það sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, sbr. 2. gr. 5. kafla laganna. Þá er í 3. gr. kaflans kveðið á um að það varði sektum að móðga annan mann með orðum eða ásökunum eða með annarri svívirðilegri háttsemi, enda varði brotið ekki við 1. eða 2. gr. 5. kafla. Hafi brotið verið stórfellt varðar það sektum eða fangelsi allt að 6 mánuðum. Samkvæmt 1. mgr. 5. gr. kaflans er almenna reglan sú að sá á sókn sakar sem misgert hefur verið við. Ákvæðið mælir hins vegar ekki fyrir um opinbera ákæru hafi ærumeiðingum verið beint að opinberum starfsmanni líkt og gert er í ákvæðum hegningarlaga Íslands, Noregs og Danmerkur.

VI.

Ákvæði stjórnarskrárinnar og Mannréttindasáttmála Evrópu –

Ályktun þings Evrópuráðsins nr. 1577 (2007) um afnám refsinga fyrir ærumeiðingar.

Í 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar er kveðið á um að allir skuli njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu. Sams konar ákvæði er einnig að finna í 1. mgr. 8. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Æra manna og mannorð njóta verndar samkvæmt ákvæðunum, þar sem þau eru talin falla undir einkalíf manns. Þó er heimilt að takmarka rétt manna samkvæmt þeim að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Í málum sem varða ærumeiðingar reynir fyrst og fremst á það hvernig finna megi jafnvægi milli friðhelgi einkalífs þess, sem tiltekin ummæli eru viðhöfð um, og tjáningarfrelsis þess sem viðhefur ummælin eða ber ábyrgð á þeim, sbr. 73. gr. stjórnarskrárinnar og 10. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu.

Í 2. mgr. 8. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sem fjallar um friðhelgi einkalífs og fjölskyldu, er sérstaklega tekið fram að opinber stjórnvöld skuli ekki ganga á rétt manna til friðhelgi einkalífs, fjölskyldu, heimilis og bréfaskipta, nema að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Hefur Mannréttindadómstóll Evrópu túlkað 8. gr. með þeim hætti að hún leggi ekki einungis þá skyldu á stjórnvöld að þau forðist að ganga á einkalífsvernd manna heldur einnig í vissum tilvikum að þau grípi til nægilegra ráðstafana til þess að tryggja mönnum slík réttindi, sbr. til dæmis dóm frá 26. mars 1985 í máli X og Y gegn Hollandi. Á íslenska ríkinu hvíla einnig skuldbindingar í þessa veru á grundvelli 17. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi. Í 1. mgr. ákvæðisins segir að enginn skuli þurfa að þola geðþótta- eða ólögsmæta röskun á einkalífi, fjölskyldu, heimili eða bréfaskiptum, né ólögsmætar árásir á heiður eða mannorð sitt. Þá segir í 2. mgr. að allir eigi rétt á lagavernd gegn slíkri röskun eða árásum. Í almennu áliti Mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna frá 8. apríl 1988, nr. 16, sem fjallar um vernd einkalífs manna (e. The right to respect of privacy, family, home and correspondence, and protection of honour and reputation (Art. 17)) segir m.a. að ríkjum beri skylda til að sjá til þess að fyrir hendi sé viðeigandi löggjöf sem verndi heiður og mannorð manna. Þá verði þeim, sem telur að brotið hafi verið á heiðri sínum eða mannorði, að standa til boða virk réttarúrræði til þess að leita réttar síns gagnvart þeim sem hann telur ábyrgan.

Í þeim jákvæðu skyldum sem lagðar eru á Ísland samkvæmt framangreindum ákvæðum alþjóðlegra mannréttindasáttmála felst að Íslandi ber að tryggja að fyrir hendi séu raunhæf og

virð réttarræði til að vernda friðhelgi einkalífs manna, þar á meðal rétt þeirra til heiðurs og mannorðs. Hins vegar verður ekki dregin sú ályktun að í þeim felist skylda til þess að mæla fyrir um refsíabyrgð þess sem ábyrgð ber á ærumeiðandi ummælum. Í því sambandi má nefna að Mannréttindadómstóll Evrópu hefur lagt til grundvallar að fangelsisrefsing komi aðeins í undantekningartilvikum til með að samrýmast tjáningarfrelsi fjölmiðlamanna og þá aðeins í þeim tilvikum þar sem einnig hefur verið brotið gegn öðrum grundvallarmannréttindum þess sem í hlut á, svo sem með hatursáróðri eða hvatningu til ofbeldisverka, sbr. til dæmis dóm réttarins frá 6. júlí 2010 í máli Niskasaari o.fl. gegn Finnlandi. Í dóminum kom m.a. fram að svipað ætti við hefðu ærumeiðandi ummæli verið látin falla í opinberri umræðu. Loks ber í þessu sambandi að geta ályktunar þings Evrópuráðsins nr. 1577 (2007) um afnám refsinga fyrir ærumeiðingar. Í ályktuninni beinir þingið m.a. þeim tilmælum til aðildarríkja að afnema refsingar fyrir ærumeiðingar án tafar (mgr. 17.1.) sem og að tryggja að innan einkamála-réttarins sé að finna virk réttarræði vegna ærumeiðinga (mgr. 17.3.).

VII.

Niðurstaða refsiréttarnefndar.

Við mat á því hvort tilefni sé til að afnema refsíákvæði um ærumeiðingar í XXV. kafla almennra hegningarlaga verður að hafa að leiðarljósi þær grundvallarreglur sem leiða af 71. og 73. gr. stjórnarskrárinnar og 8. og 10. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu. Verði talið, að réttarræði á hinu einkaréttarlega sviði dugi til raunhæfrar og virkrar lagaverndar fyrir æru manna, standa til þess lagarök að huga að breytingum í þá veru.


Í Noregi hafa komið fram tillögur að breytingum á gildandi ákvæðum hegningarlaga um refsíabyrgð vegna ærumeiðinga í þá átt að afnema refsíákvæði í þeim málaflokki, sbr. ný norsk hegningarlög frá 2005, sem þó hafa aðeins að takmörkuðu leyti tekið gildi enn sem komið er. Hefur framangreind staða í dönskum, norskum og sænskum rétti hins vegar ekki afgerandi þýðingu við mat á því hvort forsendur séu til að stíga það skref hér á landi að afnema refsíabyrgð vegna ærumeiðinga. Verður að leggja mat á það álitæfni á sjálfstæðum forsendum og með hliðsjón af innlendum aðstæðum. Skiptir þá reynsla undanfarinna ára, eins og hún endurspeglast í dómaframkvæmd hér á landi, einna mestu máli.

Gera verður greinarmun á ákvæðum 234.-237. gr. almennra hegningarlaga, þar sem sá á sókn sakar sem misgert er við, og þeirra sem aðeins verða höfðuð með opinberri ákæru, þ.e. 233. gr. a og b auk þeirra ærumeiðinga sem beinast að opinberum starfsmanni. Að baki reglum um málshöfðunarheimildir einstaklinga annars vegar og hins opinbera ákærvalds hins vegar búa ólíkir hagsmunir sem horfa verður til í þessu sambandi. Framangreindir dómur Hæstaréttar frá miðju ári 1995 þykja sýna að refsingar vegna ærumeiðinga, sem varða við 234.-237. gr. almennra hegningarlaga þar sem einstaklingur á sókn sakar, hafi ekki verið taldar nauðsynlegt úrræði heldur hafi vægari úrræði verið talin nægjanleg. Þar sem sá, er telur á sér brotið, getur bæði krafist ómerkingar ummæla og miskabóta virðast dómstólar ekki hafa talið ástæðu til að beita jafnframt refsingum í formi fangelsis og/eða fjársektar. Með því sé jafnframt tryggt að ekki sé gengið lengra en nauðsyn ber til í því skyni að vernda einkalífsrétt manna og æru án þess að skerða um of tjáningarfrelsi.

Að öllu framangreindu virtu er það álit refsiréttarnefndar að til greina komi að afnema refsíákvæði 234.-237. gr. almennra hegningarlaga um ærumeiðingar, að hluta eða að öllu leyti. Hefur það ekki áhrif á álit nefndarinnar þótt tiltölulega stutt sé síðan Hæstiréttur dæmði

mann til refsingar fyrir ærumeiðingar, sbr. dóm í máli nr. 424/2009 frá 11. febrúar 2010. Þessar breytingar hefðu það í för með sér að einstaklingar gætu ekki gert refsikröfu í einkamáli sem höfðað væri vegna ærumeiðinga. Áfram yrði þó að tryggja að þeir sem telja vegið að æru sinni og mannorði á opinberum vettvangi njóti fullnægjandi réttarúrræða, einkum í formi ómerkingar ummæla og greiðslu miskabóta. Refsiréttarnefnd mun ekki á þessu stigi fjalla um hvernig standa eigi að afnámi þessara ákvæða eða hvað kæmi í þeirra stað í sérlögum, t.d. skaðabótalögum eða sérstökum lögum um þetta efni. Ástæða er þó til að nefna að þessum breytingum kunna að fylgja álitaeefni varðandi refsivernd opinberra starfsmanna, sbr. nú b-lið 2. tölul. 242. gr. almennra hegningarlaga, og hugsanlega annarra sem verða fyrir ærumeiðingum vegna starfa sinna.

Virðingarfyllst,
f.h. refsiréttarnefndar,



Róbert R. Spanó, prófessor,
formaður.

Viðauki:

Yfirlit yfir dóma Hæstaréttar í málum varðandi ærumeiðingar frá 5. júlí 1995 til 25. október 2012.

**Yfirlit yfir dóma Hæstaréttar í málum varðandi ærumeiðingar
frá 5. júlí 1995 til 25. október 2012**

Dómur númer	Aðilar	Ákvæði hgl.	Refsingar krafist	Fallist á refsingu	Ómerking ummæla og miskabætur
673/2011	Heiðar Már Guðjónsson gegn Inga Frey Vilhjálmsyni, Jóni Trausta Reynissyni og Reyni Traustasyni	235. gr. 241. gr.	Nei	Á ekki við	Nei
671/2011	Jón Bjarki Magnússon gegn Margréti Lilju Guðmundsdóttur	235. gr. 236. gr. 237. gr. 241. gr.	Nei	Á ekki við	Já
591/2011	Jón Bjarki Magnússon gegn Kim Gram Laursen	234. gr. 235. gr. 236. gr. 241. gr.	Nei	Á ekki við	Já
469/2011	Eggert Haukdal og Guðrún Bogadóttir gegn Benediktu Haukdal og Runólfi Maack og Benedikta Haukdal gegn Eggerti Haukdal og Guðrúnu Bogadóttur	234. gr. 235. gr. 236. gr. 241. gr.	Já	Nei	Já
158/2011	Guðríður Haraldsdóttir gegn Apríl Rún Kubischta	234. gr. 235. gr. 236. gr. 241. gr.	Já	Nei	Já
179/2011	Pálmi Haraldsson gegn Svavari Halldórssyni og til vara Maríu Sigrúnu Hilmarsdóttur og Páli Magnússyni	234. gr. 235. gr. 241. gr.	Já	Nei	Já
65/2011	Frjáls miðlun ehf., Brynhildur Gunnarsdóttir og Guðjón Gísli Guðmundsson gegn Guðríði Arnardóttur, Ólafi Þór Gunnarssyni og Hafsteini Karlssyni	234. gr. 235. gr. 236. gr. 241. gr.	Nei	Á ekki við	Nei
693/2010	Viggó Valdemar Sigurðsson gegn Unni Valdemarsdóttur, Ragnari Kristni Árnasyni, Benedikt Bóasi Hinrikssyni, Reyni Traustasyni og Birtingi útgáfufélagi ehf.		Nei Málinu var vísað frá héraðsdómi	Á ekki við	Á ekki við

Dómur númer	Aðilar	Ákvæði hgl.	Refsingar krafist	Fallist á refsingu	Ómerking ummæla og miskabætur
329/2010	Guðríður Haraldsdóttir gegn Dante Lynn Kubischta	234. gr. 235. gr. 236. gr. 241. gr.	Já	Nei	Já
689/2009	Ívar Pétur Guðnason gegn Hinriki LINDAL Skarphéðinssyni og Sunnleygu Belindu Leivsdóttur Lindal	234. gr. 235. gr. 236. gr. 241. gr.	Nei	Á ekki við	Nei
454/2009	Rúnar Þór Róbertsson gegn Sigurjóni Magnúsi Egilssyni og Erlu Hlynsdóttur	234. gr. 235. gr. 236. gr. 241. gr.	Nei	Á ekki við	Já
104/2009	Helga Haraldsdóttir gegn Ólöfu Ósk Erlendsdóttur, Magnúsi Einarssyni og Erlu Hlynsdóttur og Erla Hlynsdóttir gegn Helgu Haraldsdóttur	234. gr. 235. gr. 236. gr. 237. gr. 241. gr.	Já	Nei	Já
424/2009	Ákærvaldið gegn X	235. gr.	Já	Já	Nei
475/2008	Jón Trausti Reynisson og Ingibjörg Dögg Kjartansdóttir gegn Ásgeiri Þór Davíðssyni	234. gr. 235. gr. 236. gr. 241. gr.	Nei	Á ekki við	Já
448/2008	Franklín Kristinn Stiner gegn Trausta Hafsteinssyni og Sigurjóni Magnúsi Egilssyni	234. gr. 235. gr. 236. gr. 241. gr.	Nei	Á ekki við	Nei
328/2008	Ásgeir Þór Davíðsson gegn Björk Eiðsdóttur og Guðrúnu Elínu Arnardóttur	234. gr. 235. gr. 236. gr. 241. gr.	Nei	Á ekki við	Já
321/2008	Gaukur Úlfarsson gegn Ómari R. Valdimarssyni	234. gr. 235. gr. 236. gr. 241. gr.	Nei	Á ekki við	Nei
34/2008	365 miðlar ehf. gegn Magnúsi Ragnarssyni	234. gr. 235. gr. 241. gr.	Nei	Á ekki við	Já

Dómur númer	Aðilar	Ákvæði hgl.	Refsingar krafist	Fallist á refsingu	Ómerking ummæla og miskabætur
653/2007	Eiríkur Jónsson gegn Þóru Guðmundsdóttur	234. gr. 235. gr. 236. gr. 241. gr.	Nei	Á ekki við	Já
491/2006	Jónas Kristjánsson og Mikael Torfason gegn Gunnari Hrafn Birgissyni og Gunnar Hrafn Birgisson gegn Jónasi Kristjánssyni, Mikael Torfasyni og 365 miðlum hf.	234. gr. 235. gr. 236. gr. 241. gr.	Já	Nei	Já
278/2006	Garðar Örn Úlfarsson gegn Ásbirni K. Morthens og Ásbjörn K. Morthens gegn Garðari Erni Úlfarssyni 365 prentmiðlum ehf.	234. gr. 235. gr. 236. gr. 237. gr. 241. gr.	Nei	Á ekki við	Já
181/2005	Edwin George Shelton gegn Indriða H. Þorlákssyni	234. gr. 235. gr. 236. gr. 241. gr.	Nei	Á ekki við	Nei
382/2003	Bjarni F. Einarsson gegn Guðrúnu Sveinbjarnardóttur, Helga Þorlákssyni og John Hines	234. gr. 235. gr. 241. gr.	Nei	Á ekki við	Já
36/2003	Árni Matthías Mathiesen gegn Magnúsi Þór Hafsteinssyni	235. gr. 236. gr. 241. gr.	Já	Nei	Nei
426/2002	Korea Ginseng Corporation gegn Heilsuverslun Íslands ehf. og Ólafi Erni Karlssyni	234. gr. 235. gr. 236. gr. 237. gr. 241. gr.	Nei	Á ekki við	Nei
272/2000	Kjartan Gunnarsson gegn Sigurði G. Guðjónssyni	235. gr. 236. gr. 241. gr.	Nei	Á ekki við	Nei
393/1998	Sigurður Sigurjónsson og Austur-Eyjafjallahreppur gegn Vigfúsi Andrésyni og Vigfús Andrés�on gegn Sigurði Sigurjónssyni, guðrúnu Ingu Sveinsdóttur, Ástrúnu Svölu Óskarsdóttur og Austur-Eyjafjallahreppi	234. gr. 235. gr. 236. gr. 241. gr.	Nei	Á ekki við	Nei

Dómur númer	Aðilar	Ákvæði hgl.	Refsingar krafist	Fallist á refsingu	Ómerking ummæla og miskabætur
337/1998	Jón Björnsson gegn Jóni Kjartanssyni og gagnsök	235. gr. 236. gr. 241. gr.	Já	Nei	Nei
280/1997	Sigurður Helgi Guðjónsson og Húseigendafélagið gegn Húsnæðisstofnun ríkisins, Sigurði E. guðmundssyni, Einari Jónssyni, Braga Kristjánssyni, Hrannari Jónssyni, Gunnhildi Gunnarsdóttur, Margréti Gunnarsdóttur, Hrafnkeli Óskarssyni, Sif Guðjónsdóttur, Sigríði Þorgeirsdóttur, Guðrúnu I. Svansdóttur, Margréti Jónsdóttur, Olgeiri Möller og Jóhönnu Margréti Bragadóttur	234. gr. 235. gr. 236. gr. 241. gr.	Já	Nei	Lítill hluti ummæla ómerktur og ekki fallist á greiðslu miskabóta.
260/1997	Runólfur Oddsson gegn Bjarnþóru Pálsdóttur	234. gr. 235. gr. 236. gr. 237. gr. 241. gr.	Nei	Á ekki við	Já
274/1997	Ákærvaldið gegn Hrafn Jökulssyni	234. gr. 235. gr.	Já	Nei	Nei
262/1996	Reynir Sigursteinsson og Halldór Gunnarsson gegn Hjalta Jóni Sveinssyni, Birni Eiríkssyni og Bókaútgáfunni Skjaldborg hf.	234. gr. 235. gr. 236. gr. 241. gr.	Já	Nei	Nei
331/1995	Sigurður Már Jónsson gegn Jóni Halldóri Bergssyni	235. gr. 241. gr.	Já	Nei	Nei
383/1994	Sigurður Ingvason gegn Skipatækni ehf.	234. gr. 235. gr. 236. gr. 241. gr.	Já	Nei	Nei
299/1994	Sigurjón Magnús Egilsson gegn Nielsi Adolf Ársælssyni	235. gr. 241. gr.	Já	Nei	Nei